



Láναςjóður sveitarfélaga ohf.

VIÐAUKI

við grunnlýsingu
dags. 29. júní 2009

Skuldabréfaútgáfa júní 2009

LSS150224

September 2009

1 ÁBYRGIR AÐILAR

1.1 Útgefandi

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

1.2 Yfirlýsing útgefanda

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, fyrir hönd útgefanda, nafngreindir hér að neðan, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem þessi viðauki við grunnlýsingu dagsetta 29. júní 2009 hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Jafnframt er útgefandi umsjónaraðili með töku skuldabréfanna til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf.

Reykjavík, 14. september 2009
f.h. Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Þessi viðauki við grunnlýsingu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. dagsett 29. júní 2009 er gerður til að koma á framfæri við fjárfesta mikilvægum nýjum upplýsingum sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sem komið hafa í ljós síðan grunnlýsingin var birt þann 29. júní 2009. Þessi viðauki er dagsettur 14. september 2009.

Þar sem viðaukinn tekur aðeins til tiltekinna atriða, skulu fjárfestar lesa viðaukann samhliða grunnlýsingunni til að öðlast nægjanlegar upplýsingar um útgefanda og skuldabréfaflokkinn.

Viðbót við grunnlýsingu er 6 mánaða uppgjör 2009.

Helstu liðir 6 mánaða uppgjors 2009 birtast í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, sem hljóðar svo:

Lánveitingar og lántökur

Samþykktar lánveitingar á fyrstu sex mánuðum ársins 2009 námu 3.819 milljónum króna og útborguð lán 4.879 milljónir króna miðað við 6.278 milljónir króna á fyrri hluta ársins 2008. Töluvert var greitt út af þeim lánsheimildum sem veittar voru 2008.

Vanskil við undirritun þessa árshlutareiknings voru engin. Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum. Sjóðurinn hefur veð í tekjum sveitarfélaga sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka og ábyrgðum sem þau veita. Ekki þurfti að grípa til veðs í tekjum á tímabilinu.

Lán þau sem sjóðurinn veitir af eigin fé sínu eru verðtrygð miðað við vísitölu neysluverðs og eru uppgreiðanleg. Vextir þeirra eru breytilegir en þeir stóðu í 4,25% út tímabilið. Endurlán eru með sömu grunnkjörum og lántökurnar að viðbættu vaxtaálagi til að standa undir kostnaði. Lánasjóðurinn hefur í gegnum tíðina ekki verið með teljandi gjaldeyris- eða vaxtaáhættu í rekstri sínum. Við hrun bankanna 2008 lokuðust gjaldeyrisvarnir sem sjóðurinn var með og er því óvarin gjaldeyrisstaða í lok tímabilsins 2.641 m.kr.

Á tímabilinu fóru fram skuldabréfaútböð á innlendum skuldabréfamarkaði til að afla fjár til endurlána að fjárhæð samtals 6.530 milljónir króna að nafnvirði. Skuldabréfin eru tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands.

Afkoma og efnahagur

Hagnaður tímabilsins nam 586 milljónum króna miðað við 1.163 milljónir króna á sama tíma árið 2008 og var í samræmi við væntingar sjóðsins. Mikil verðbólga á fyrri helmingi árs 2008 skýrir þennan mun á afkomu milli ára þar sem stór hluti eigin fjár sjóðsins er lánaður út verðtryggt. Einnig var ávöxtun á lausu fé ágæt á tímabilinu.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings í lok tímabilsins var 68.365 milljónir króna á móti 63.956 milljónum króna í árslok 2008 sem er hækkun um 6,9%. Vöxtur útlána varð 5,7% og námu þau 63.825 milljónum

króna í lok tímabilsins. Eigið fé nam 11.859 milljónum króna á móti 11.273 milljónum króna í árslok 2008 og hefur aukist um 5,2% á tímabilinu.

Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt Basel II um eigið fé fjármálafyrirtækja er 62%.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er samandreginn árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Breyting á fjárhagsstöðu eftir 30. júní 2009

Engar mikilvægar breytingar hafa átt sér stað á fjárhagsstöðu lánasjóðsins frá lokum síðasta fjárhagstímabils 30. júní 2009 fram til dagsetningar viðauka þessa. Kannaður árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2009 var birtur opinberlega 26. ágúst 2009.

3 SKJÖL TIL SÝNIS OG SKJÖL FELLD INN MEÐ TILVÍSUN

Árshlutauppgjör lánasjóðs sveitarfélaga ohf. frá 30. júní 2009 er hér með felld inn í viðauka þennan með tilvísun. Árshlutauppgjörð má nálgast hjá útgefanda að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, eða á heimasíðu hans: www.lanasjodur.is, á meðan grunnlýsingin er í gildi.